



Skrifstofa Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. desember 2002
HVR20021100085

Efni: Umsögn Hollustuverndar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um neysluvatn, mál 13

1. Neysluvatn skilgreint sem auðlind í lögum:

Hollustuvernd ríkisins bendir á að grunnvatn fellur undir hugtakið auðlind svo sem það er skilgreint í lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Stofnunin bendir jafnframt á skilgreiningu á neysluvatni sem er að finna í reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, en hún er svohljóðandi: "Neysluvatn er vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess og hvort sem það kemur úr dreifikerfi, tönkum, flöskum eða öðrum ílátum og ætlað er til neyslu, eða matargerðar. Einnig allt vatn sem notað er í matvælafyrirtækjum, nema unnt sé að sýna fram á að gæði þess vatns sem notað er hafi ekki áhrif á heilnæmi framleiðslunnar". Sé gengið út frá þessari skilgreiningu dregur stofnunin í efa að hægt sé að skilgreina neysluvatn sem auðlind.

Jafnframt vill stofnunin ítreka að neysluvatn er matvæli samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli. Vatnsveitur eru því fyrirtæki sem dreifa matvælum. Sem matvæli skal neysluvatn uppfylla gæða- og öryggiskröfur sem skilgreindar eru í framagreindum lögum, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, með síðari breytingum, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og reglugerð nr. 390/1995 um ölkelduvatn, með síðari breytingum.

2. Málafni neysluvatns verði vistuð á einum stað í stjórnsýslunni:

Hollustuvernd telur að yfirumsjón með málum sem varða grunnvatn og þar með yfirsýnin eigi að vera vistuð á einum stað. Þar sem mengun og hreinleiki er sameiginlegt með bæði yfirborðs- og grunnvatni er eðlilegt að vista þann málaflokk hjá Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun sæi þá um stjórnsýsluhlutann en fæli rannsóknastofnunum, þar á meðal Orkustofnun, rannsóknir á grunnvatni, vatnsrennsli og áhrifum af vatnsnýtingu á vistkerfið.

Stofnunin bendir á að svæðisbundnar takmarkanir á starfsemi vegna vatnsverndar eru skipulagsmál og heyra undir umhverfisráðuneytið.

Eins og fram kemur hér að framan er grunnvatn ekki neysluvatn fyrr en búið er að beisla það í dreifikerfi eða koma því í tanka, flöskur eða önnur ílát. Stofnunin telur í hæsta máta óeðlilegt að fela rannsóknastofnun á borð við Orkustofnun eftirlit með neysluvatni og vatnsveitum, þ.e. matvælum og matvælafyrirtækjum, og sér fyrir flókið eftirlit þar sem annað hvort:

Office address:

Ármúla 1a
108 Reykjavík

Postal address:

P.O. Box: 8080
IS-128 Reykjavík

Telephone:

+ 354-585 1000

Telefax:

+ 354-585 1010

Internet:

www.hollver.is

Kennitala:

490882-0149

Hollustuvernd ríkisins

a) heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga yrði hugsanlega falið að annast eftirlitið undir yfirumsjón Hollustuverndar sem þá yrði undir yfirumsjón Orkustofnunar


eða

b) Orkustofnun væri falið að framkvæma eftirlit með matvælafyrirtækjum.


Að mati stofnunarinnar yrði slíkt ekki til að einfalda matvælaeftirlit í landinu. Eftirlit með neysluvatni ætti því að vista hjá Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Loks skal bent á að í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/60/EB um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnsmálum er gert ráð fyrir samræmdri vatnsstjórnun. Líklegt er að í framtíðinni taki Ísland upp þessa tilskipun að einhverjum hluta, sem hluta af EES samningnum.

Virðingarfyllst,
f.h. Hollustuverndar ríkisins



Davíð Egilson
forstjóri



Elín Guðmundsdóttir
forstöðumaður matvælasviðs